

# 1.

## Fjölskyldan er fjölhæf

Búið til mennskan pýramída úr fjölskyldunni  
ykkar.

Takið mynd, deilið og merkið hana með  
#17júníGarðabær



# 2.

## Æfum okkur að telja

Jötunheimar er skátaheimili Skátafélagsins Vífils í Garðabæ. Húsið er risastór blár braggi og með fullt af gluggum. Teljið alla gluggana í Jötunheimum.



# 3.

## Fjölskyldan er fyndin

Takið sjálfu af hópnum að gretta sig... því meiri gretta því fyndnari mynd.

Deilið myndinni og merkið hana með #17júníGarðabær



# 4.

## Skáti er náttúruvinur

Takið með ykkur ruslapoka í leiðangurinn og plokkið eins mikið rusl og þið getið á 15 mínútum.



# 5.

## Dýrin eru vinir okkar

Finnið dýr í náttúrunni, stórt eða lítið,  
og takið mynd af því.


Deilið myndinni og merkið hana með  
#17júníGarðabær



# 6.

## Æfum okkur að hnýta hnúta

Skátar hafa lengi verið þekktir fyrir að vera flinkir að hnýta hnúta. Nú skuluð þið æfa ykkur að gera hnútinn pelastikk með því að fylgja leiðbeiningunum hér að neðan.




# 7.

## Sumarið er komið

Finnið þrjá hluti í náttúrunni sem sýna að sumarið sé komið og takið mynd af þeim.

Deilið myndinni og merkið hana með


#17júniGarðabær



# 8.

## Skátar eru skemmtilegir

Á 17. júní fara skátar í skátabúninginn sinn (annað hvort í skyrtu eða peysu) og setja á sig skátaklút. Skátaklútarnir eru mismunandi á litinn og fer liturinn eftir aldri skátans. Teljið hvað þið sjáið marga skáta og hversu margar tegundir af klútum þið sjáið.





# 9.

## Syngjum saman

Það er gaman að syngja inn sumarið. Syngið saman eitt sumarlag og takið upp myndband af því.

Deilið myndbandinu og merkið það með  
#17júniGarðabær




# 10.

## Leysum dulmál


Dulmál eru spennandi og stundum þínu flókin.

Leysið leyniorðin hér að neðan með lausnarlyklinum.



LYKILL

A $\dot{B}$	C $\dot{D}$	E $\dot{F}$
G $\dot{H}$	I $\dot{J}$	K $\dot{L}$
M $\dot{N}$	O $\dot{P}$	Q $\dot{R}$




# 11.

## Verum listræn

List er gefandi. Búið til listaverk úr 5 hlutum sem þið finnið í náttúrunni.

Takið mynd af listaverkinu og deilið myndinni og merkið hana með #17júníGarðabær



# 12.

## Garðabær er bærinn okkar

Á Garðatorgi er risastór turn. Þar eru bæjarskrifstofur Garðabæjar og þar vinnur meðal annars bæjarstjórinn. Hvað eru margar hæðir í turninum?



Bónusspurning: Hvað heitir bæjarstjóri Garðabæjar?



# 13.

## Fjölskyldan er æði.

Það eru til mörg orð sem lýsa fjölskyldum.

Skrifið í símann ykkar eins mörg jákvæð lýsingarorð sem lýsa fjölskyldunni ykkar og þið getið.

Takið skjámynd af listanum, deilið myndinni og merkið hana með #17júniGarðabær



# 14.

## Fjölskyldan er fjörug.

Hvað getið þið fjölskyldan gert mörg sprellikarlahopp saman öll í einu?

Takið myndband af ykkur hoppandi, deilið myndbandinu og merkið það með

#17júníGarðabær

